

**Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn föstudaginn 27. september 2019 kl. 15:00 á skrifstofu skólameistara að Fríkirkjuvegi 9, 2. hæð.**

Mætt voru: Eva Einarasdóttir, formaður,  
Örn Þórðarson aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar  
Eiríkur Orri Agnarsson,  
Stefán Hilmarsson,  
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins  
Haraldur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna  
Hekla Hlíðkvist Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Sólveig Franklínisdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldraráðs  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Upphaf nýs skólaárs.**

Nýnemar 240; í fimm bekkjardeildum á náttúruvísindasviði, þremur bekkjardeildum á félagsvísindasviði og einum bekk á hugvísindasviði. Þurfti að vísa all nokkrum umsækjendum frá í vor. Alls eru um 640 nemendur í skólanum.

Umræður um skipulag skólans, annakerfi, bekkjarkerfi, prófatíma og hvort þörf er á breytingum á starfi og skipulagi í Kvennaskólanum.

Breytingar á starfsmannahaldi. Sjö ný nöfn á starfsmannalista annarinnar, bæði afleysingar og nýráðningar í hlutastörf.

**2. Fjárhagsstaða**

Fjárlagafrumvarp 2020 gerir ráð fyrir 6% hækkun framlaga milli ára að meðtöldu væntu útskriftarframlagi. Útlit fyrir að rekstur ársins 2019 verði vel innan fjárveitinga.

**3. Jafnlaunavottun, skjalastjórn og ný verkefni**

Mikil vinna í gangi við undirbúning þess að skólinn hljóti jafnlaunavottun. Aðstoð fengin frá Attentus ehf sem leiðir verkið. Stefnt að því að vottunin liggi fyrir í desember.

Skólameistari greindi frá umfangsmiklum verkefnum sem skólanum hefur verið falið að vinna undanfarna mánuði og nefndi í því sambandi fyrirhugaða ráðningu á skjalastjóra. Mun sá starfsmaður koma til með að stýra innleiðingu á

skjalavistunarkerfinu GoPro sem tekið hefur verið inn og skipuleggja skjalakerfi skólans. Einnig mun þessi starfsmaður halda áfram vinnu við að koma eldri gögnum til Þjóðskjalasafns.

#### **4. Framkvæmdir sumarsins**

Skólameistari fór yfir framkvæmdir sumarsins sem voru helstar endurnýjun á efnafræðistofu í N-byggingu og endurnýjun á veggjapanel í kennslustofu í Þingholtsstræti. Framkvæmdir hafa gegnið mjög seint og illa, verkstjórn framkvæmda í molum. Framkvæmdum við efnafræðistofu ekki lokið enn og verkleg kennsla í þeirri grein ekki hafin sem er algjörlega óásættanlegt. Seinkun á framkvæmdum varð til þess að skólahúsnæði var ekki eins vel undirbúið fyrir kennslu í haust og æskilegt er.

Fór yfir verkefni framundan og framkvæmdaáætlun sem búið er að setja saman og verður rædd á fundi með Ríkiseignum og ákvarðanir teknar þar um áframhaldandi framkvæmdir.

#### **5. Innra starf**

„Ytri úttekt“ af hálfu Menntamálastofnunar var unnin s.l. vor, skýrsla tilbúin von bráðar en Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur hana út og setur á heimasíðu sína. Mikil vinna farið fram við innra mat, m.a. kennslumat, kannanir gerðar meðal útskrifaðra nemenda (útskr. 2015), meðal nýnema, foreldra nýnema og meðal starfsmanna (Stofnun ársins). Matsteymi sem samanstendur af tveimur fulltrúum kennara og stjórnendum hefur verið að vinna úr upplýsingunum til kynningar og viðbragða.

Aukið hefur verið í „umsjón“ í fyrsta bekk, unnið er að innleiðingu á stefnu sem við köllum „uppeldi til ábyrgðar“ og er sett upp til að vinna með og efla sjálfsaga og bekkjaranda. Nýjar kennsluáðferðir, „Kvennóleiðin“ sem mest hefur verið notuð í efnafræðikennslu, tekin upp í fleiri greinum.

#### **6. Ný tækni í kennslustofum.**

Keyptir hafa verið „snjallskjái“ til kennslu og komnir upp í þremur stofum, flatskjái komnir í tvær stofur. Vonast til að geta skipt út skjám í stað skjávarpa – eftir því sem þeir ganga úr sér.

## 7. Önnur mál

Rætt um merkingar starfsmanna og aðgengi utanað komandi aðila að skólanum en frá áramótum hafa starfsmenn gengið með auðkennisspjöld á sér.

Hekla fór yfir ganginn í félagslífi nemenda. Greindi frá því að fjölgað hefði verið í stjórn Keðjunnar. Ný stjórn hefur haldið tvö böll, nýnemadagur, -kvöld og -ball búið.

Fulltrúi foreldra kallaði eftir sýnilegri dagskrá í félagslífinu fyrir foreldra. Unnið er að uppsetningu á nýrri heimasíðu fyrir Keðjuna þar sem m.a. verður viðburðadagatal.

Næsti fundur ákveðinn 22. nóvember kl. 15:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.